

STJÓRNARFUNDUR BSÍ

FUNDARGERÐ

Fundarstjóri: Matthías Imsland	Fundur nr. :	3
Fundarritari: Sigurður Páll Steindórsson	Staður:	Síðumúli 37
Fundargestir: Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Matthías Imsland (MI) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	Dagsetning:	1.6.2022
	Frá kl.:	
	Til kl.:	
	Næsti stjórnarfundur:	Júlí

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar. Fundargerðir eru vistaðar á bridge.is.
2	<u>Fundur norrænu bridgesambandanna</u> MI sagði frá fundi norrænu bridgesambandanna. Meðal annars var rætt um norræna mótarið sem Bridgehátíðin okkar yrði hluti af. Óánægja er meðal margra sambanda vegna mikils kostnaðar við EM. Samböndin standa misvel eftir Covid. Norðurlandamót verður haldið á næsta ári (um mánaðamót maí og júní) í Örebro og síðan á tveggja ára fresti; 2025 verður mótið haldið á Íslandi.
3	<u>Fjárhagsstaða BSÍ</u> MI fór yfir stöðu skulda, afborgana og styrkja. Staðan er erfið en þó viðráðanleg.
4	<u>Landsliðsmál</u> Norðurlandamótið sem er nýafstaðið fór vel fram. Smá vonbrigði voru með úrslit íslenska liðsins í opna flokknum en ásættanleg niðurstaða í kvennaflokki. Allir íslensku keppendurnir nálgust mótið af mikilli fagmennsku. EM byrjar 12. júní næstkomandi. GBH fór yfir undirbúning en haldnar hafa verið tvær æfingahelgar og ein til viðbótar verður haldin fyrir mótið (fyrir opna og seniora flokkinn). Rætt var um landsliðsmál til framtíðar. Landsliðsnefnd stefnir að fleiri æfingum næsta vetur og verður reynt að hafa æfingar reglulega yfir allan veturinn. Reynt verður að fá fleiri pör til að mæta á æfingar. MI fór yfir drög að hegðunarviðmiðum fyrir landslið Íslands. MI sendir tillögurnar á stjórn til yfirferðar.
5	<u>Ársþing EBU</u> GK verður fulltrúi Íslands á þinginu.
6	<u>Mótaskrá</u> Lokadrög að mótaskrá eru tilbúin og verða birt eftir fund mótanefndar 3. júní.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
7	<u>Starfið fram undan</u> Sumarbridge er komið í gang. Skráningu í bikarkeppnina lýkur 3. júní og verður dregið í 1. umferð í framhaldinu.